

Föstudaginn 9. september 1988.

Nr. 276/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Garðari Garðarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. september sl., sem barist dóminum 6. s.m. Ætla verður að hann kæri úrskurðinn í því skyni að fá hann felldan úr gildi, en kröfur eða greinargerð hafa ekki borist. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. september 1988.

Ár 1988, laugardaginn 3. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Garðari Garðarssyni, kennitala 10.01.65-4499, Stangarholti 26, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 17:00. Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Aðfaranótt fimmtudagsins 28. júlí sl. voru framdir innbrotspjéfnadir í tvö fyrirtæki á Suðurlandi. Var hér um að ræða söluskálann Öndvegi í Hraungerðishreppi í Árnessýslu þar sem stolið var 30-40 vindlingalengjum auk peninga og Kaupfélagið Þór á Hellu á Rangárvöllum, en þar var stolið peningaskáp með verðmætum að fjárhæð kr. 602.956. Peningaskápurinn fannst tveimur dögum síðar við Kerið í Grímsnesi og hafði hann þá verið brotinn upp og fjármunir teknir úr honum. Daginn eftir fannst þýfi, sem talið er vera úr fyrrnefndum söluskála auk þriggja ávisana, sem taldar eru

vera úr innbrotinu í Kaupfélagið Þór. Við rannsókn á vindlingalengjunum fannst fingurfar, sem RLR-tæknideild samkenndi við fingurfar kærða Garðars.

Agnar Viðir Bragason, kt. 16.09.66-3009, Hábergi 3, Reykjavík, hefur við yfirheyrslu hjá RLR viðurkennt að hafa staðið að framangreindum innbrotspjófnum eftir að hafa brotist inn í bílasölu hér í borg og tekið þar í heimildarleysi bifreið, sem notuð var til fararinnar. Hefur Agnar skýrt frá því, að hann hafi hitt kærða Garðar skömmu eftir að hann, þ.e. Agnar Viðir, losnaði úr gæsluvarðhaldi 27. júlí sl. Agnar hefur ekki viljað nafngreina þann mann, sem stóð með honum að innbrotum þessum.

Að morgni 28. júlí sl. fór kærði ásamt Agnari Viði með Flugleiðavél til Osló. Kom hann þaðan ásamt Agnari síðdegis í gær, eftir að þeim hafði verið vísað úr landi skv. úrskurði lögregluýfirvalda í Larvik 29. f.m., en kærða hafði verið gert að sæta gæsluvarðhaldi í tvær vikur frá 19. f.m. vegna kæru um innbrotspjófnað.

Kærði Garðar hefur neitað að eiga nokkra aðild að framangreindum innbrotspjófnum og kveður það ekki fá staðist að áður nefnt fingurfar á vindlingalengjunum stafi frá honum.

Þá er til rannsóknar hjá RLR mál er varðar ætlað skjalafals á skuldabréf útgefið í fyrra að fjárhæð kr. 150.000. Leikur grunur á, að kærði hafi falsað nafn móður sinnar á bréfið sem annars sjálfskuldarábyrgðarmanns. Kærði hefur neitað að tjá sig um sakarefni þetta, en kærán var lögð fram 12. febrúar sl.

Eins og gögn málsins bera með sér er rannsókn mála þessara ekki lokið. Með vísan til þess og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina. Þykir hæfilegt að láta kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. september nk. kl. 17:00.

Brot þau sem kærði er hér grunaður um geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Úrskurðarorð:

Kærði, Garðar Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 14. september nk. kl. 17:00.